



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

## Frumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs

120. mál 2012

### Umsögn Samtaka um betri byggð (BB)

22. nóvember 2012

#### INNGANGUR

Frá 1945 þróaðist flugstarfsemi hérlendis einkum út frá tveimur herflugvöllum, sem báðir eru illa staðsettir miðað við borgaralegar þarfir og kringumstæður á Íslandi allt frá miðri 20.öld.

Keflavíkurflugvöllur er að margra mati of langt frá miðju höfuðborgarsvæðisins til að nýtast nægilega vel fyrir miðstöð innanlandsflugs. Með sívaxandi fjölda flugfarþega er líklega komið að því nú þegar að þjóðhagslega hagkvæmt sé að huga að nýjum stað fyrir alþjóðlegan millilandaflugvöll nær höfuðborgarsvæðinu. Árið 2004 bentu Samtök um betri byggð (BB) á vænlegan stað á Miðdalsheiði.

Herflugvöllur í Vatnsmýri, sem í stað þess að vera rifinn í stríðslok var gerður að borgaralegum flugvelli þann 6. júlí 1946 gegn hagsmunum og vilja borgarbúa. Hann var byggður á því landi, sem Reykvíkingar fengu yfirráð yfir 1. janúar 1932 og var sjálfgefið svæði fyrir nýja miðborg ört stækkandi höfuðborgar.

Alla tíð síðan hefur Vatnsmýrarflugvöllur valdið miklu og sívaxandi tjóni og splundrað byggð í Reykjavík og síðar á höfuðborgarsvæðinu. Á tæpum sjö áratugum óx víðátta byggðarinnar fimmtugfalt, úr 300ha í meira en 15.000ha á meðan íbúatalan fimmfaldast úr 40 í rösklega 200 þúsund svo þéttleiki byggðar hrundi úr 150 íbúum á hektara í um 14.

Óskilvirkni höfuðborgarhagkerfisins er gríðarleg og fer vaxandi því mikilvægi bílsins mun halda áfram að aukast svo lengi sem valdhafar ríkis og borgar sjá ekki að sér.

## 1.0 FORSENDUR BB

### 1.1 FORMÁLI

Samtök um betri byggð (BB) voru stofnuð 1999 til að stuðla að betra borgarskipulagi á höfuðborgarsvæðinu. Þau hafa m.a. barist gegn frekari útpenslu byggðar, gert ýmsar tillögur að skipulagi og beitt sér fyrir kosningu um flugvöllinn 2001. Þá var samþykkt að hann færi úr Vatnsmýri fyrir árslok 2016 og er afar mikilvægt að staðið verði við þá niðurstöðu.

Samtök um betri byggð (BB) beittu sér einnig fyrir alþjóðlegri skipulagssamkeppni um Vatnsmýri 2007 þar sem 136 glæsilegar tillögur bárust hvaðanæfa úr heiminum.

### 1.2 YFIRVÖLD REYKJAVÍKURBORGAR

Skylda yfirvalda í Reykjavík og í öðrum bæjum og borgum hvarvetna er að gera borgarskipulag á forsendum hagsældar, öryggis og velferðar íbúanna svo þar dafni mannvænt og skilvirkt samfélag.

Frá stríðslokum hafa borgaryfirvöld að mestu vanrækt þessa skyldu. Í stað þess að þjóna íbúum með góðu skipulagi leiddu þau til öndvegis baneitraðar landsbyggðarkröfur fjórflokksins um herflugvöll miðsvæðis til ómælds tjóns fyrir alla landsmenn. Neikvæðra áhrifa gætir í þjóðarhag.

### 1.3 RÍKISVALDIÐ

Skylda flugmálayfirvalda ríkisins er að tryggja skilvirkar flugsamgöngur í samræmi við hagsmuni samfélagsins á hverjum tíma og í sátt við íbúana.

Frá 1945 hafa flugmálayfirvöld brugðist þeirri skyldu að tryggja frambúðarlausn fyrir miðstöð innanlandsflugs á SV-landi til hagsbóta fyrir flugfarþega og flugrekendur en einbeitt sér þess í stað að því að festa í sessi gamla herflugvöllinn í miðborg Reykjavíkur til gríðarlegs tjóns fyrir alla.

Tvær óháðar rannsóknir um 1964 mátu Vatnsmýri sem lakasta flugvallarvalkostinn af 4 á höfuðborgarsvæðinu vegna legu sinnar mitt í þéttri byggð og árið 2007 komust sérfræðingar Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra að því að af 4 kostum væri Vatnsmýri lakastur en Hólmsheiði þjóðhagslega hagkvæmastur.

### 1.4 HAGTÖLUR HÖFUÐBORGARINNAR

Ekki er til mat á stærð hagkerfis höfuðborgarinnar. Fáum dylst þó að það er stærsti hluti íslensks hagkerfis. Örfáar grófar kennitölur verða því að nægja: 210.000 íbúar, 150.000 bílar, 2.000.000m<sup>2</sup> í verslunarhúsnæði, 6.000.000m<sup>2</sup> í öðru atvinnuhúsnæði, 170.000 störf o.s.fr.v.

Eins og áður sagði splundraði Vatnsmýrarflugvöllurinn höfuðborgarbyggðinni, sem nú þekur um 15.000ha, líkt og París og Manhattan samanlagt (4 milljónir íbúa). Þannig glötuðust helstu borgareinkennin þ.e.s. eiginleg miðborg og nándin milli íbúanna.

Grunnur almennasamgangna og nærþjónustu brast sömuleiðis og bíllinn varð helsta samgöngutækið. Tímasóun borgarbúa er gríðarleg og reksturskostnaður heimila, fyrirtækja og sveitarfélaga er allt of mikill.

Óskilvirkni höfuðborgarhagkerfisins hefur neikvæð áhrif á þjóðarhag. Óskilvirknin mun halda áfram að vaxa samhliða síauknu mikilvægi bílsins svo lengi sem valdhafar ríkis og borgar sjá ekki að sér og stöðva stjórnlausu útpenslu byggðar með því að fjarlægja orsakavaldinn úr Vatnsmýri.

## 1.5 HÓLMSHEIÐI

Árið 2004 vöktu Samtök um betri byggð eins og áður sagði athygli á vænlegu flugvallarstæði á Miðdalsheiði fyrir alhliða flugvöll (millilandavöll), í rösklega 200m hæð um 5km norður af Sandsheiði.

Árið 2005 var bent á vænlegt flugvallarstæði fyrir innanlandsflugvöll í rösklega 100m hæð á Hólmsheiði í einu af úthverfum Reykjavíkur. Sama ár var hafin athugun á Hólmsheiði og Lönguskerjum sem 2 nýjum flugvallarvalkostum samhliða athugun á Reykjavíkurflugvelli og Keflavíkurflugvelli.

Árið 2005 var einnig hafin athugun á veðurfari á Hólmsheiði, sem skipt var milli Veðurstofunnar og Flugstoða ohf f.h. samgönguyfirvalda ríkisins, sem skyldi annast athugun á skýjahæð, skyggni og ókyrrð í lofti.

Árið 2007 kom fram í skýrslu ParX (fyrir samgönguráðherra) að flugvöllur á Hólmsheiði væri þjóðhagslega arðbærasti kosturinn, sem völ væri á. Árið 2009 kom út áfangaskýrsla um veðurathuganir á Hólmsheiði (Veðurstofa Íslands, Guðrún Nína Petersen). Skv. niðurstöðum skýrslunnar er nýtingarstuðull þar 96-98% (flugrekendur telja að 95% nægi).

Frekari athugun á ókyrrð í lofti gæti leitt í ljós að nýting sé á bilinu 96-99%. Vegna legu sinnar, m.a. fjarlægð frá fjöllum, eru hverfandi líkur á ókyrrð í lofti. Að framansögðu er því nú þegar ljóst að Hólmsheiði hentar afar vel fyrir flugvöll.

Á fundi stjórnar Samtaka um betri byggð (BB) með borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokks föstudaginn 8. febrúar 2008 staðfesti dr. Haraldur Ólafsson veðurfræðingur það, sem fram kemur í skýrslu samráðsnefndar samgönguráðherra og borgarstjóra frá apríl 2007, að athugun sem gerð hefði verið á skyggni og skýjahæð gæfi til kynna að nýtingarhlutfall flugvallar á Hólmsheiði yrði yfir 96%" (-98%). Frétt um þetta birtist á Mbl.is í kjölfar þessa fundar.

Dr. Haraldur Ólafsson gerði grein fyrir því að reikna mætti vindafar og kviku yfir hugsanlegum flugvallarstæðum með töluverðri nákvæmni með tölvuhermun, sem tæki einungis nokkra mánuði. Kostnaður væri minni en eins dags fórnarkostaður af flugstarfsemi í Vatnsmýri.

Samkvæmt þessu er ekkert að vanbúnaði að hefja undirbúning að byggingu flugvallar á Hólmsheiði.

## 2.0 UMSÖGN SAMTAKA UM BETRI BYGGÐ

Eins og fram kemur í forsendum Samtaka um betri byggð (BB) í kafla 1 hér að framan er það mat samtakanna að flugstarfsemi skuli hætt í Vatnsmýri eigi síðar en fyrir árslok 2016. Séu áhugasamir um innanlandsflug sammála um að ekki komi til greina að flytja flugið til Keflavíkur er ákjósanlegan stað fyrir nýjan flugvöll að finna á Hólmsheiði eins og áður sagði.

Þá er það ótvírætt hlutverk flugmálayfirvalda ríkisins að hafa forgöngu um allan undirbúning að nýjum flugvelli, samninga um land, hönnun, byggingu og rekstur. Reykvíkingar munu hins vegar einhenda sér í að skipuleggja Vatnsmýrarsvæðið fyrir þetta, blandaða og mannvæna miðborgarbyggð til hagsbóta fyrir höfuðborgarbúa og aðra landsmenn.

Á málþingi 19. janúar sl., sem Háskólinn í Reykjavík stóð fyrir á Hótel Natura, upplýsti dr. Haraldur Sigbórsson verkfræðingur að ríkið greiði niður hvern flugmiða\* um 5.500 kr. vegna árlegs kostnaðar við rekstur innanlandsflugvalla. Dr. Haraldur var þá að leggja lokahönd á skýrslu varðandi innanlandsflugið fyrir ISAVIA ohf.

„Láðst“ hefur í 67 ár að innheimta lóðaleigu fyrir land ríkis í Vatnsmýri (ca. 1/3 – 6.500 kr.) og Reykjavíkurborgar (ca. 2/3 – 13.000 kr.), alls 19.500 kr. á hvern flugmiða\*. Verðmæti lands í Vatnsmýri á verðlagi 2011 er amk. 210 milljarðar kr. alls miðað við NH=1,8 (miðað er við ríkistaxta á bújörðum: 3,5% á ári af verðmæti landsins).

Ljóst er því að heildarniðurgreiðsla ríkis og borgar á hvern flugmiða\* er nú um 25.000kr. Lóðaleiga utan þéttbýlis er verulega lægri en í Vatnsmýri.

*\* Miðað við fjölda flugfarþega 2011*

Samkvæmt orðalagi frumvarpsins gætu flutningsmenn þess verið að gefa til kynna að það (frumvarpið) lúti að nýjum flugvelli innan sveitarfélagamarka Reykjavíkur, á öðrum stað en þeim, sem núverandi flugvöllur er á í Vatnsmýri.

Sé það svo kemur enginn annar staður til greina en Hólmsheiði, sem samkvæmt úttek sérfræðinga Sturlu Böðvarssonar fyrverandi samgönguráðherra í ParX-skýrslunni frá 2007 er talinn raunhæfasti staðurinn fyrir nýjan flugvöll innan sveitarfélagamarka Reykjavíkur.

En Sturla Böðvarsson gerði allt, sem í hans valdi stóð til að fela skýrslu ParX og það sama gerðu eftimenn hans á stóli samgönguráðherra, þeir Kristján L. Möller og Ögmundur Jónasson. Þessir ráðherrar, ráðuneyti þeirra og fylgispakir flugvallarsinnar úr röðum landsbyggðarforkólfa og flugrekenda eru mjög samstíga í því að tala niður Hólmsheiði sem góðan flugvallarvalkost, þvert gegn faglegum athugunum og niðurstöðum. Hvaða hvatir liggja að baki skal ósagt látið en Hólmsheiði er sannarlega góður og landsbyggðarvænn valkostur fyrir nýjan flugvöll.

Flugmálayfirvöld telja almenningi trú um að flugvöllur í Vatnsmýri sé varaflugvöllur í millilandaflugi, sem muni auka öryggi og spara flugrekendum umtalsverða fjármuni vegna minna magns af varaeldsneyti sem áætlunarvélur þurfa að beri yfir hafið. Það er mjög fjarri sanni.

Vatnsmýrarflugvöllur getur eðli málsins samkvæmt ekki gegnt því hlutverki því hann er á sama veðursvæði og Keflavík. Flugstjórar, sem undibúa flug yfir hafið frá Evrópu og Norður Ameríku til Íslands verða t.d. að reikna með nægu eldsneyti til Skotlands eða amk. á flugvelli á Egilsstöðum og Akureyri, sem eru varaflugvellir í millilandaflugi skv. opinberri flugmálastefnu.

Frumvarpshöfundar ofmeta gildi núverand flugvallar í Reykjavík fyrir atvinnulíf borgarinnar. Einungis brot af þeim 1.000 störfum, sem þeir nefna, tengjast flugrekstri. Flest tengjast þau hótél- og veitingarekstri, bílaleigum, alþjóðlegri flugstjórnarmiðstöð, skólahaldi, starfsemi björgunarsveita o.s.fr.v.

Samtök um betri byggð (BB) benda á að sé horft til flutnings miðstöðvar innanlandsflugs á Hólmsheiði flytjast einhver störf á milli hverfa í Reykjavík en sé horft á flutning á Miðnesheiði flytjast þessi sömu störf á svæði, þar sem atvinnuleysi er fremur mikið. Á sama tíma opnast Vatnsmýrarsvæðið fyrir amk. 20.000 störf og 25.000 íbúa og ómæld samlegðaráhrif og nýsköpun, ma. með aukinni samvinnu Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og Landspítala háskólasjúkrahúss.

Samtök um betri byggð hafa að óbreytt enga stefnu í flugmálum aðra en þá að flugstarfsemi beri að hætta svo fljótt sem auðið er í hjarta höfuðborgarinnar. Samtökin benda þó á að frumvarpshöfundar vanmeta greinilega ávinninginn af samþættingu innanlands- og millilandaflugs á einum flugvelli bæði fyrir ferðamannaíðnaðinn á landsbyggðinni og eins vegna milliliðalausrar tengingar landsbyggðarbúa við beint flug til allra heimshorna. Slík samþætting er sjálfgefin á Keflavíkurflugvelli sem og á hugsanlegum flugvelli á Miðdalsheiði. Samtökin telja einnig líklegt að á nýjum flugvelli á Hólmsheiði verði unnt að ná ákveðinni samþættingu til hagsbóta fyrir landsbyggðina.

Reykjavík, 22.nóvember 2012

Framkvæmdastjórn Samtaka um betri byggð